

SJÁLFSHJÁLPARHÓPAR

Á fundum sjálfshjálparhópanna er farið yfir eðli og afleiðingar ofbeldis. Markmiðið er að konur með svipaða reynslu geti hist og styrkt hver aðra til sjálfshjálpar, með því að rjúfa einangrunina og gera sér grein fyrir afleiðingum ofbeldisins.

Til að fá frekari upplýsingar má hringja í síma 561 1205 og panta viðtal, sem er nauðsynlegur undanfari þátttöku í hóp. Alla jafna er miðað við að kona hafi mætt í nokkur viðtöl áður en hún fer í sjálfshjálparhóp.

VAKTSÍMI

Í neyðartilfellum skal hafa samband við 112.

Polendur og aðstandendur geta haft samband til að fá stuðning og/eða ráðgjöf í síma 561 1205.

Síminn er opinn allan sólarhringinn.

FRÆÐSLA

Starfskonur Kvennaathvarfsins veita ýmis konar fræðslu um heimilisofbeldi, eðli þess, umfang og afleiðingar.

Fræðslan er miðuð að þörfum hvers hóps fyrir sig og óskir um fræðslu skal senda til Sigprúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins á netfangið sigthrudur@kvennaathvarf.is



Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf
www.kvennaathvarf.is • Sími 561 1205

Fyrir hverja er Kvennaathvarfið?

Konur og börn þeirra geta dvalist í athvarfinu þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hefur verið nauðgað og fyrir konur sem eru þolendur mansals.

DVÖL

Konu er úthlutað herbergi með uppabúnu rúmi fyrir sig og börn sín. Dvöl, matur og hreinlætisvörur fyrir konur og börn eru ókeypis.

Það er misjafnt hversu lengi konur þurfa að dvelja í athvarfinu og hvers konar þjónustu þær þurfa á að halda. Á meðan á dvöl stendur býðst konum að fá viðtöl við ráðgjafa athvarfsins, félagsráðgjafa eða lögfræðing og fá ráðgjöf og stuðning. Konurnar fá aðstoð við að komast í samband við þá aðila sem geta hjálpað þeim við næstu skref svo sem lögreglu, félagsþjónustu og lögfræðinga. Eftir að dvöl í athvarfinu lýkur geta konur áfram komið í stuðningsviðtöl og/eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.

BÖRN Í ATHVARFINU

Mæður bera ábyrgð á börnum sínum á meðan dvöl stendur, en starfskonur og sjálfbodaliðar athvarfsins sinna börnunum líka eftir því sem aðstæður leyfa. Börn sem náð hafa sex ára aldri fá viðtöl hjá ráðgjöfum þar sem þau fá upplýsingar um athvarfið, fræðslu um ofbeldi og tækifæri til að tjá sig um líðan sína. Þeim eru kynntar húsreglur barna og sýnd teiknimyndin Tölum um ofbeldi sem miðar að því að ná til barna í þessum aðstæðum. Teiknimyndin er skrifuð og framleidd af Kvennaathvarfinu. Teiknimyndin er aðgengileg á youtube.

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfinu og við athvarfið starfar góður hópur sjálfbodaliða sem sér um afþreyingu fyrir börnin. Sjálfbodaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barna og aðstæður í húsinu.

LÍFIÐ Í ATHVARFINU

Í Kvennaathvarfinu er lögð áhersla á trúnað og almennt er heimilisfang Kvennaathvarfsins ekki gert opinbert. Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Í húsinu ríkja fáar en mikilvægar húsreglur sem miða að því að sambúð kvenna og barna gangi sem best og að festa og öryggi skapist á heimilinu. Kvennaathvarfið er fallegt og heimilislegt hús þar sem reynt er að stuðla að venjulegu heimilislífi.

VIÐTÖL

Konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi geta komið og fengið ráðgjöf, stuðning og upplýsingar án þess að koma til dvalar. Til að koma í viðtal þarf að panta tíma hjá athvarfinu í síma 561 1205. Viðtölin eru ókeypis. Aðstandendur geta einnig nýtt sér þessa þjónustu.

Viðtal er alfarið á forsendum konunnar, það tekur oftast um klukkustund og fer fram í Kvennaathvarfinu. Ráðgjafi sest niður í viðtalsherbergi með konu og tekur stutta sögu um ástand mála. Það fer algjörlega eftir aðstæðum hver næstu skref verða. Til dæmis gæti konan óskað eftir öðru viðtali, henni verið vísað í aðra þjónustu eða boðin dvöl í Kvennaathvarfinu.

Konur koma í viðtöl af ýmsum ástæðum. Stundum koma þær til þess að fá hagnýtar upplýsingar í tengslum við að fara frá ofbeldismanninum, um skilnað, forsjármál, húsnæðismál o.s.frv. Eftir að konur slíta ofbeldissambandi koma þær gjarnan í viðtöl til að byggja sig upp. Konur sem búa við heimilisofbeldi verða oft ónæmar fyrir ástandinu, hafa vanist orðræðu og hegðun gerenda og eru ekki alltaf vissar hvort um heimilisofbeldi sé að ræða. Það getur verið óþægilegt að ræða erfitt heimilisástand við nákomna, þess vegna koma konur stundum í viðtal til ráðgjafa Kvennaathvarfsins til að ræða aðstæður sínar.